

SKÁTAPING 2025 - FUNDARBOÐ

Sækjum fram – skátar í hverri höfn



Með bréfi þessu boðar stjórn Bandalags íslenskra skáta til Skátapings 2025.

Þingið verður haldið dagana **4.-6. apríl í Víðistaðaskóla, Hafnarfirði**. Þingið hefst með setningu kl. 19:00 föstudaginn 4. apríl og lýkur sunnudaginn 6. apríl kl. 13:00. Aðstaðan opnar kl. 17:00 og frá þeim tíma er hægt að fá þinggögn afhent. **Vakin er athygli á að ekki verður boðið upp á kvöldmat á föstudegi**. Skátafélagið Hraunbúar er gestgjafi þingsins.

Dagskrá þingsins er [skv. 21. grein laga BÍS](#) og kosið verður í embætti gjaldkera og tveggja meðstjórnenda [skv. 23. grein laga BÍS](#). Vakin er athygli á því að [skv. 21. grein laga BÍS](#) er ekki kosið í fastaráð að þessu sinni.

Einnig er rétt að vekja athygli á greinum [18-20 í lögum BÍS](#) sem fjalla um Skátaping. Starfandi skátar hafa rétt til að sitja Skátaping með málfrelsi og tillögurétt óháð aðildarleið. Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 13-25 ára.

Öll sem hyggjast taka þátt skulu [skv. 18. grein laga BÍS](#) skrá sig á skraning.skatarnir.is fyrir kl. 19:00 þann 28. mars. Félagsforingjar eða annað stjórnarfolk skátafélaganna skal [skila kjörbréfum rafrænt](#) fyrir setningu þingsins. Kjörbréf tilgreina hver fara með atkvæði fyrir hönd félagsins. Hægt verður að fylgjast með þinginu rafrænt í gegnum steymi en rafræn þátttaka verður ekki möguleg að þessu sinni.

Þátttökugjald er 12.900 kr., innifalin eru þinggögn, léttar veitingar á föstudagskvöldi, morgunverður og hádegisverður bæði á laugardegi og sunnudegi ásamt almennri dagskrá sem boðið verður upp á samhliða þinginu.

Skráning og upplýsingar um gistingu í Hraunbyrgi sem og hátíðarkvöldverð á laugardegi verða auglýst sér, á Abler og á [upplýsingasíðu skátapings](#).

Eftirfarandi embætti eru laus til kjörs á Skátapingi 2025:

Stjórn

Gjaldkeri
Tveir meðstjórnendur

Kjörin á Ungmennapingi 2025

Áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS
Fimm sæti í ungmennaráði



Framboðstilkynningar og tillögur um fólk í þessi hlutverk óskast sendar hið fyrsta og eigi síðar en 14. mars kl. 19:00 á netfangið uppstillingarnefnd@skatarnir.is. Með fundarboði fylgir tilkynning frá Uppstillingarnefnd þar sem finna má nánari upplýsingar og lýsingu á hverju hlutverki fyrir sig.

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er hægt að skila framboðum á þinginu sjálfu.

Uppstillingarnefnd skipa:

Hafdís Bára Kristmundsdóttir	s. 617-1591	barahafdis@gmail.com
Ásgeir Ólafsson	s. 844-4069	asgeir@hraunbuar.is
Reynir Tómas Reynisson	s. 698-6226	reynirtomas@gmail.com
Ingimar Eydal	s. 862-2173	ingimar.eydal@simnet.is
Dagbjört Vatnsdal Brynjarsdóttir	s. 862-4605	dagga@mosverjar.is

Mikilvægar dagsetningar fram að Skátapingi:

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi dagsetningum fram að þingi samkvæmt gildandi lögum BÍS.

21. febrúar kl. 19:00 - Fresti til að boða til Skátapings lýkur.

7. mars kl. 19:00 - Fresti til að skila tillögum að lagabreytingum til stjórnar BÍS lýkur.

14. mars kl. 19:00 - Framboðsfrestur í laus embætti stjórnar BÍS rennur út.

14. mars kl. 19:00 - Fresti til að skila beiðnum um upptöku mála á Skátapingi til stjórnar BÍS lýkur.

21. mars kl. 19:00 - Fresti stjórnar BÍS til að senda félagsforingjum þinggögn og drög að dagskrá Skátapings lýkur.

28. mars kl. 19:00 - Fresti til að skila athugasemdum um útsend gögn til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.

28. mars kl. 19:00 - Skráning á Skátaping lýkur.


4. apríl kl. 19:00 - Fresti skátafélaga til að skila gögnum og kjörbréfum til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.

4. apríl kl. 19:00 - Skátaping er sett.

Upplýsingasíðu Skátapings má finna á skatarnir.is/skatathing. Þar verður öllum gögnum hlaðið upp þegar þau berast og í síðasta lagi fyrir tilgreindan frest samkvæmt lögum. Öll þinggögn verða aðgengileg þar á rafrænu formi fyrir setningu Skátapings.

Reykjavík, 21. febrúar 2025

Fyrir hönd stjórnar BÍS



Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Skátahöfðingi

